

Ed.

380. Lög

um breyting á lögum nr. 19, 4. nóv. 1887, um aðför.

(Afgreidd frá Ed. 12. apríl).

27. gr. laganna orðist svo:

Ekki má fjárnámi taka rúm og sængurföt, sem nauðsynleg eru skuldunaut, konu hans og börnum, né heldur lín og íveruföt, er þau mega ekki án vera.

Nú á skuldunautur fyrir heimili að sjá, og á hann þá rétt á að undanþiggja fjárnámi nauðsynjar. er nema að virðingarverði allt að 500 kr., og auk þess allt að 100 kr. fyrir hvert barn, sem er á skylduframfæri hans.

Ef skuldunautur á ekki fyrir heimili að sjá, má hann undanþiggja fjárnámi 100 kr. að virðingarverði og fyrir börn eins og segir í 2. málsg.

Skuldunautur ræður sjálfur, hvað undanþegið skal vera fjárnámi. Ef hann er ekki sjálfur viðstaddur fjárnámið, skal fógæti fela öðrum að kveða á um þetta, ef skuldunautur hefir ekki falið það öðrum.

Rétt þann, sem ræðir um í 2. og 3. málsgl., á skuldunautur þó ekki, þegar aðför er gerð fyrir sköttum eða opinberum gjöldum. Ekki má heldur undanskilja fjárnámi þá hluti, sem veðsettir eru fyrir þeirri skuld, sem fjárnámi er heimt.